



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 3. febrúar 2015

Fundarboðari: Theódóra Matthíasdóttir, umhverfisfulltrúi

Nr. fundar: 31

Mættir:

Þorsteinn Steinsson (ÞS), bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, formaður
Sturla Böðvarsson (SB), bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, varaformaður
Eggert Kjartansson (EK), oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps, ritari
Kristinn Jónasson (KJ), bæjarstjóri Snæfellsbæjar
Sif Matthíasdóttir (SM), oddviti Helgafellssveitar
Theódóra Matthíasdóttir (TM), umhverfisfulltrúi Snæfellsness

Gestir fundarins:

Þór Örn Jónsson (ÞÖJ), bæjarritari Stykkishólmsbæjar
Róbert Arnar Stefánsson (RAS), forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands (NSV)
Menja von Schmalensee (MvS), sviðsstjóri Náttúrustofu Vesturlands

Fundarstaður og tími: Bæjarskrifstofur Grundarfjarðar, kl. 13:00-16:00.

Dagskrá:

1. Umfjöllun um tíu ára skýrslu sem nú hefur hlotið nafnið „Skref í rétta átt“.
 - Fylgiskjal 1 – Drög að tíu ára skýrslu.
2. Störf umhverfisfulltrúa síðustu mánuði.
 - Fylgiskjal 2 – Samantekt á verkefnum 2014
3. Mat á árangri liðins árs samkvæmt kröfu EarthCheck
 - Fylgiskjal 3 – Tafla um stöðu verkefna ársins 2014 á Framkvæmdaáætlun.
4. Næstu verkefni umhverfisfulltrúa
5. Endurskoðun samnings við Náttúrustofu Vesturlands sem rennur út 31. mars.
 - Fylgiskjal 4 – Núverandi samningur Framkvæmdaráðs við Náttúrustofu Vesturlands.

Umfjöllun:

ÞS setur fund kl. 13:10, TM ritar fundargerð.

1. Umfjöllun um tíu ára skýrslu sem nú hefur hlotið nafnið „Skref í rétta átt“.
 - a. TM kynnrir drög að svokallaðri „tíu ára skýrslu“ sem hlotið hefur nafnið „Skref í rétta átt“.
 - b. RAS og MvS gera grein fyrir skýrslunni og forsögunni. Hafa fundið fyrir brýnni þörf á því að taka saman plagg sem útskýrir umhverfsvottunarvekefnið og svara með því spurningum sem hafa borist frá íbúum og öðrum sveitarfélögum. Styrkur fékkst frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til útgáfu skýrslunnar og er um samvinnuverkefni á milli Framkvæmdaráðs og NSV að ræða. Ritið fjallar almennt um umhverfsvottanir og aðrar leiðir sem hægt er að fara í átt að sjálfbærni og kostir og gallar þessara leiða dregnir fram. Ritið verður borið út á hvert heimili á Snæfellsnesi. Framkvæmdaráð er nú komið með drög að texta í hendurnar sem síðar mun fara í umbrot og þá verður ritið fallega myndskreytt.



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 3. febrúar 2015

- c. Kallað er eftir athugasemdum um drögin frá fulltrúum Framkvæmdaráðs. Allir fundarmenn tóku til máls. Almenn ánægja kom fram með útgáfu á plaggi til þess að kynna verkefnið fyrir íbúum. Þó eru gerðar nokkrar athugasemdir við þau drög sem lögð hafa verið fram.

Einróma samþykki meðal fundarmanna að bæta inn í skýrsluna eins konar samantekt um helstu niðurstöður skýrslunnar og árangur umhverfsvottunarverkefnisins í upphafi skýrslunnar. Þannig sé hægt að kveikja áhuga hjá lesandanum.

MvS, RAS og TM falið að halda áfram að vinna í texta skýrslunnar og reyna að koma til móts við þær athugasemdir sem fram hafa komið á fundinum. Framkvæmdaráð fær textann aftur til skoðunar þegar næstu drög eru tilbúin.
 - d. Sú hugmynd rædd að skýrslan verði borin út, ásamt litlum fylgibæklingi og margnota burðarpoka, á hvert heimili af aðilum í bæjarstjórnnum og umhverfisnefndum. Engin ákvörðun tekin en fulltrúum Framkvæmdaráðs falið að ræða þetta á sínum vígstöðum.
2. TM kynnir helstu verkefni á vegum umhverfsvottunarverkefnisins fyrir árið 2014. Meðal annars upplifun sína af verðlaunaafhendingu náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs.
 3. Vottunarsamtök EarthCheck gera kröfur um að Framkvæmdaráð meti árangur verkefna síðasta árs í lok hvers árs eða byrjun nýs árs. Farið yfir þau verkefni sem voru á Framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna fyrir árið 2014. TM gerir stutta grein fyrir hverju verkefni og loks stöðu verkefnis í dag. Skjalið samþykkt og undirritað.
 - a. Á verkefnalista ársins 2014 er verkefni sem snýr að endurskoðun náttúru- og umhverfisnefnda sveitarfélaganna. Upp kom umræða um hvort hafa ætti eina sameiginlega nefnd fyrir allt Snæfellsnes. Sveitarstjórar tóku málið upp í sínum sveitarstjórnnum.
 4. TM gerir grein fyrir næstu verkefnum umhverfisfulltrúa.
 - a. Ljúka útgáfu og dreifingu á „tíu ára skýrslu“. Gagnasöfnun vegna umhverfisvísa og undirbúningur fyrir úttekt sem framundan er. Endurskoðun framkvæmdaáætlunar skv. kröfum EarthCheck um árlega yfirferð áætlunarinnar. Kynningar á verkefninu fyrir bæjarstjórnir, umhverfisnefndir, starfsmenn og íbúa. Hefja styrkt verkefni ef strykir fást frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.
 - b. Upp kemur hugmynd um sameiginlega ráðstefnu sveitarfélaganna þar sem helstu verkefni á sviði umhverfis og samfélagsmála eru kynnt.
 - c. TM kynnir nýtt verkefni sem væri tilvalið fyrir sveitarfélögin á Snæfellsnesi; Earth Hour. Verkefni sem fer fram árlega um allan heim þann 29. mars frá 20:30-21:30 þegar þátttakendur slökkva öll ljós. Rætt um að sveitarfélögin gætu tekið þátt í verkefninu með því að slökkva á götulýsingu og í stofnunum sínum og hvetja íbúa til að taka þátt. Ódýrt og einfalt kynningarverkefni. TM falið að athuga með samstarf við RARIK.
 5. RAS kynnir þjónustusamning á milli NSV og Framkvæmdaráðs um umhverfsvottun Snæfellsness. Samningurinn sem nú er í gildi var framlengdur fyrir ári með það fyrir sjónum að leyfa nýjum stjórnnum að taka ákvörðun um framhaldið. Samningurinn rennur út 31. mars næstkomandi og er þegar búið að segja umhverfisfulltrúa upp störfum. Núverandi samningur hljómar upp á 80% starfshlutfall umhverfisfulltrúa og telur RAS að starfshlutfallið sé of lágt til að halda sæmilegum gangi í verkefninu. NSV hefur hingað til lagt meiri vinnu í verkefnið en fengist hefur greitt fyrir. Hætt er við að NSV þurfi að halda því áfram ef samningi verði ekki breytt þannig að staða umhverfisfulltrúa verði 100%.



Fundur Framkvæmdaráðs Snæfellsness

Fundargerð 3. febrúar 2015

- a. Fulltrúum Framkvæmdaráðs falið að bera málið upp við sínar sveitarstjórnir ásamt tillögu að nýjum samningi við NSV.

Næsti fundur: Óákveðið

Fundi slitið kl.: 16:00